



Menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dags.: 16. janúar 2006

## Umsögn um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun

### 331. mál – Þskj. nr. 363

Staðlaráði Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Umsögn þessi lýtur fyrst og fremst að hlutverki og skipun Íslenskrar málnefndar, sbr. 9. grein frumvarpsins.

Samkvæmt lögum um Íslenska málnefnd, nr. 2/1990, hefur Staðlaráð Íslands tilnefnt einn fulltrúa í Íslenskri málnefnd, í krafti þess að vera talið til "ýmissa stofnana og samtaka sem samkvæmt lögum eða vegna eðlis síns hafa mikil áhrif á málfar almennings"<sup>1</sup>, eins og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 80/1984, en með þeirri breytingu var fulltrúum í málnefndinni fjölgað úr 5 í 15.

Í 2. grein laga um Íslenska málnefnd, nr. 2/1990, eru talin upp hlutverk málnefndarinnar. Sum þeirra virðast skv. fyrirbyggjandi frumvarpi eiga að flytjast til hinnar nýju Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar. Má þar nefna þau hlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar, að veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni, og að gefa út fræðslu- og leiðbeiningarit og orðasöfn.

Samkvæmt frumvarpinu verða hlutverk hinnar nýju málnefndar einkum að semja íslenskar ritreglur, að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu.

Önnur hlutverk málnefndar skv. núgildandi lögum virðist hins vegar eiga að leggja niður, a.m.k. er þeirra hvergi getið í umræddu frumvarpi. Þar er um að ræða m.a. söfnun nýyrða, að vera til ráðgjafar um val nýrra orða og við nýyrðasmíð, að vinna að skipulegri nýyrðastarfsemi, samvinnu við orðanefndir, að stuðla að samræmingu m.a. við útgáfu staðla, að eiga samstarf við norrænar málnefndir og samvinnu við þá sem gefa út staðla.

Staðlaráð harnar að þessi hlutverk málnefndarinnar skuli ekki vera látin halda sér og kallar eftir tillögum um það hvernig nýyrða- og íðorðastarfi skuli vera fyrirkomið, því það getur tæplega verið vilji stjórnvalda að leggja allt slíkt starf opinberra aðila niður.

Varðandi breytingar á skipun fulltrúa í málnefndina bendir Staðlaráð á að engin rök eru tilgreind fyrir því að Staðlaráð skuli missa rétt sinn til að tilnefna fulltrúa í nefndina. Orðabók Háskólans og Örnefnanefnd missa einnig sína fulltrúa skv. frumvarpinu, en Orðabókin og Örnefnastofnun eiga að renna inn í þessa nýju stofnun svo að gera má ráð fyrir að þeirra sjónarmið fái áfram að heyrast innan málnefndarinnar. Því er hins vegar ekki svo farið með Staðlaráð.

Mikið af því nýyrða- og íðorðastarfi sem unnið er hérlendis byggist á stöðlum, og til að mynda eru Tölvuorðasafn og Raftækniorðasafn nánast alfarið byggð á alþjóðlegum stöðlum. Engin rök eru tilgreind í greinargerðinni með frumvarpinu fyrir því að leggja þessa tengingu við staðlastarf niður, en það er kannski talið

<sup>1</sup> 111. löggjafarþing, 415. mál, þskj. nr. 775.

leiða af sjálfu sér ef málnefndin á ekki lengur að skipta sér af nýyrða- og íðorðastarfi.

Í greinargerð með frumvarpinu er talin ástæða til að fjölga þeim háskólum sem tilnefna fulltrúa í Íslenska málnefnd. Rétt er hins vegar að benda á að aðkoma Staðlaráðs að nefndinni er allt önnur en háskólanna, og spyrja má hvort nauðsynlegt sé að samtals sex fulltrúar háskóla sitji í nefndinni en enginn fulltrúi staðla- og íðorðastarfs.

**Staðlaráð leggur áherslu á að Íslensk málnefnd hafi áfram hlutverk á sviði íðorða- og nýyrðastarfs, eins og er í gildandi lögum, og að Staðlaráð eigi áfram rétt á að tilnefna fulltrúa í málnefndina.**

Fyrir hönd Staðlaráðs Íslands.

Virðingarfyllt,



Guðrún Rognvaldardóttir  
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands